

Ed.

301. Frumvarp til laga

[165. mál]

um ferðamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

I. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

1. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

- a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
- b. Hvers konar farmiðasölu, með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- c. Útvegum herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.
- d. Skipulagning hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgöngumálaráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a—d-lið hér að framan, svo og um það, hvort hún teljist ferðaskrifstofa í skilningi laga þessara.

2. gr.

Óheimilt er að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa, eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir.

4. gr.

Skilyrði til að geta öðlazzt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu eru:

- a. 25 ára aldur.
- b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
- c. A. m. k. 5 ára starf við þau fyrirtæki, sem um getur í 1. gr.
- d. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a—d-liða þessarar gr.

Nú telur ráðuneytið, að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

5. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji tryggingu, eigi lægri en 350 000.00 kr. Ráðuneytið getur vikið frá kröfu um tryggingarfé, sé um að ræða skráð hlutafélag, með a. m. k. 200 000.00 kr. innborguðu hlutafé.

Ráðuneytið setur nánari reglur um, á hvern hátt trygging skv. 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveislu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

6. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 5. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfarahæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprotnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjäreiganda.

7. gr.

Ferðaskrifstofur samkvæmt lögum þessum skulu færa bókhald samkvæmt bókhaldslögum. Skal skylt að veita ráðuneytinu upplýsingar um rekstrarafkomu, ef ráðuneytið æskir.

8. gr.

Ákvæði þessa kafla ná hvorki til Ferðaskrifstofu ríkisins né til viðurkenndra ferðafélaga, eða eigenda samgöngutækja, að því er tekur til sölu á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, né heldur hópferða, sem slíkir aðilar þannig skipuleggja, enda þótt næturgisting fylgi.

9. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

- a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
- b. Ef trygging sú, sem sett er samkv. 5. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki reglum þeim, sem ráðuneytið setur.
- c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Sé félag leyfishafi, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers framangreindra skilyrða, eða andast, enda sé ekki sótt til ráðuneytisins um viðurkenningu á nýjum forstöðumanni innan 6 mánaða.

10. gr.

Nú andast leyfishafi og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu ábyrgðarskilyrðum.

II. KAFLI

Um ferðamálaráð.

11. gr.

Samgöngumálaráðherra skipar 9 menn í ferðamálaráð til þriggja ára í senn. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Eimskipafélag Íslands.
2. Félag sérleyfishafa.
3. Ferðafélag Íslands.
4. Flugfélag Íslands hf.
5. Loftleiðir hf.
6. Ferðaskrifstofa ríkisins.
7. Samband veitinga- og gistihúsa eigenda.
8. Samtök íslenskra ferðaskrifstofa.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
Ferðamálaráð er ólaunað.

12. gr.

Hlutverk ferðamálaráðs skal vera það, sem hér segir:

1. Að vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það, er að ferðamálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni.
2. Að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála í landinu, svo sem um

það, hvar einkum sé nauðsynlegt að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli verða á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.

3. Til þess að örva heilbrigða samkeppni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenningskjál gisti- og veitingastöðum, svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.
4. Að inna af hendi annað það, sem ráðinu er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

III. KAFLI

Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna sem almenn ferðaskrifstofa. Skal árlega veitt til hennar fast framlag á fjárlögum til landkynningar, eigi lægra en hálf milljón kr. árlega, sem skal óháð rekstursafkomu skrifstofunnar í heild.

14. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast landkynningu, vinna að því að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Skal Ferðaskrifstofa ríkisins hafa samvinnu við utanríkisráðuneytið og ferðamálaráð um þessi mál.

15. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem erlendum, er þess óska, sé veittur hvers konar fararbeiði.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja, fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal Ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslög-gjöfin geti komið að sem bestum notum. Sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

17. gr.

Ferðaskrifstofan skal vera ráðgefandi og leiðbeinandi um það, hvað betur megi fara í búnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það, eða ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið að lögum.

18. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins litur eftir aðbúð og hreinlæti farartækja, sem ætluð eru til flutnings ferðamanna.

19. gr.

Skýlt er þeim, er reka gisti- og veitingahús, að láta Ferðaskrifstofu ríkisins í té gjaldskrár, ef óskað er, svo og eigendum fólksflutningabifreiða og annarra samgöngutækja. Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefur hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

20. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur námskeið fyrir túlka og leiðsögumenn og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan beita sér fyrir því, að efnt sé til námskeiða fyrir framreiðslufólk á veitingastöðum og aðra, sem veita ferðamönnum þjónustu aðeins á ákveðnum árstímum.

21. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal vinna að hagnýtingu skólahúsnaðis til gistihalds í skólum ríkisins og annast rekstur í þeim, ef þess gerist þörf, enda komi leyfi ráðherra til.

22. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að því í samvinnu við ferðamálaráð að stofna ferðamálafélög í bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja til, og leitast við að koma á upplýsinga- og fyrirgreiðslustarfsemi á hinum ýmsu stöðum, sem ferðamenn dvelja á. Enn fremur aðstoði hún ferðamálafélög við útgáfu upplýsingarita um viðkomandi byggðarlög.

23. gr.

Ferðaskrifstofan skal vinna að útgáfu leiðarlýsinga fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Enn fremur skal Ferðaskrifstofan stuðla að útgáfu upplýsingabæklinga um starfandi hótél í landinu, stærð þeirra, verðlag og annað, er máli skiptir.

24. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal beita sér fyrir því að vernda eftirsóttá ferðamanna- staði og sjá um, að reglu- og viðvörðunarkerki verði sett upp, þar sem þess gerist þörf.

25. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal stuðla að gerð góðra minjagripa með því að efna til sýninga og veita verðlaun fyrir gerð slíkra muna. Ferðaskrifstofan hefur heimild til að reka minjagripasölu, enda sé ágóða af þeim rekstri varið til eflingar starfsemi skrifstofunnar.

IV. KAFLI

Um ferðamálasjóð

26. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist ferðamálasjóður. Hlutverk hans er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem beztar móttökur og aðbúð.

27. gr.

Greiða skal árlega úr ríkissjóði framlag til ferðamálasjóðs, eigi lægra en eina milljón króna.

Ferðamálasjóði er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka lán, allt að 20 millj. króna, og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, sem hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins, eða efla hann á annan hátt.

Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðherra.

28. gr.

Samgöngumálaráðherra hefur yfirumsjón með vörzlu ferðamálasjóðs og skal fela bankastofnun umsjón sjóðsins, vörzlu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

29. gr.

Umsóknir um lán úr ferðamálasjóði skulu sendar ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgöngumálaráðherra um lánveitingar.

Ráðherra ræður útlánunum af fé sjóðsins.

30. gr.

Lán úr ferðamálasjóði veitast eigendum gisti- og veitingahúsa eða opinberum aðilum, til að bæta aðstöðu til móttöku ferðafólks, svo sem til bygginga, endurbóta á húsnæði eða kaupa á húsgögnum og öðru slíku.

Óheimilt er að veita reksturslán úr ferðamálasjóði.

31. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveiting styðji ekki að óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi er fyrir.

32. gr.

Beiðnir um lán úr ferðamálasjóði skulu vera skriflegar, og fylgi þeim:

- a. Ýtarleg umsögn um það, hvernig verja eigi lásupphæðinni.
- b. Efnahagsreikningur lánbeiðanda og enn fremur rekstrarreikningur síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða.
- c. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta eða sjóðsstjórn kann að óska eftir.

33. gr.

Upphæð láns ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur einum fimmta hluta þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til umráða til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin.

34. gr.

Lánstími er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin, enda greiðist þau eftir það með jöfnum afborgunum. Ráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra.

35. gr.

Reikningar ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

37. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara heldur uppi starfsemi, sem telst ferðaskrifstofa samkvæmt skilgreiningu laga þessara, skal innan eins árs sækja til ráðuneytisins um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, ella fellur réttur til reksturs hennar niður.

38. gr.

Ráðuneytið getur vikið frá ákvæðum laga þessara, að því er varðar ferðaskrifstofur, sem starfandi eru við gildistöku laganna, að undanskildum ákvæðum 5. gr. Sama gildir um stjórnendur slíkra ferðaskrifstofa.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 20 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33 1. febrúar 1936, ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 20 12. marz 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. júní 1962 skipaði samgöngumálaráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um framtíðarskipan ferðamála á Íslandi og starfsemi ferðaskrifstofa, og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir: Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Sigurður Bjarnason, alþingismaður, og Þorleifur Þórðarson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins. Nefndin aflaði sér ýmissa gagna varðandi skipan ferðamála í ýmsum Evrópulöndum og hafði til hliðsjónar í starfi sínu.

Samdi nefndin frumvarp til laga um ferðamál, sem flutt var á síðasta þingi, en það fékk ekki fullnaðarafgreiðslu.

Á s. l. sumri leitaði nefndin umsagnar ýmissa aðila um frumvarpið. Svör bárust frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og annað bréf undirritað af því félagi svo og af flugfélögunum báðum, Eimskipafélagi Íslands h.f. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda og enn fremur barst ítarleg umsögn Flugfélags Íslands h.f. sér í lagi. Eru umsagnir þessara aðila prentaðar sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Eins og sjá má af fylgiskjöllum þessum, eru umsagnir nefndra aðila yfirleitt jákvæðar, og eigi eru gerðar tillögur um grundvallarbreytingar um annað en varðar stöðu Ferðaskrifstofu ríkisins, þ. e. að hún hafi einungis með höndum landkynningu en eigi almennan ferðaskrifstofurekstur.

Að vel athuguðu máli hefur nefndin ekki séð ástæðu til þess að breyta frumvarpinu í þessa átt. Má á það benda í þessu sambandi, að ríkisjárnbrautirnar í Danmörku, Svíþjóð og í Noregi, hafa allar með höndum rekstur almennra ferðaskrif-

stofa í samkeppni við einstaklinga, og eru a .m. k. hinar dönsku og sænsku ferðaskrifstofur ríkisjárnbrautanna mjög umsvifamiklar. Hins vegar starfa í þessum löndum sérstakar ríkisreknar landkynningarstofnanir, sem eigi hafa með höndum ferðaskrifstofuviðskipti. Virðist um að ræða stígmun einan saman en eigi eðlismun, að almennur ferðaskrifstofurekstur verði hér á landi í beinum tengslum við þá ríkisstofnun, sem ríkið felur að annast landkynninguna, þar sem sambærileg ríkisrekin samgöngufyrirtæki eru hér eigi til staðar. Þykir því eigi að svo stöddu ástæða til þess að binda starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins við landkynninguna eina, heldur heimila henni áfram að starfa sem almenn ferðaskrifstofa með jafnri aðstöðu við aðrar ferðaskrifstofur.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er svo til samhljóða eldra frumvarpi um sama efni, er áður getur. Þó hefur ákvæði 5. gr., um setningu tryggingarfjár, verið breytt þannig, að í stað kr. 200 þús. komi kr. 350 þús. Er talið að minni megi tryggingin ekki vera, ef hún á að ná tilgangi sínum, og vísast nánar um það efni til skýringa við einstakar greinar frumvarpsins. Þá hefur verið felld niður 1. mgr. 17. gr., þ. e. ákvæði um að Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, að því er snertir verðlag, gæði, þjónustu og viðurgerning, enda hefur slíkt eftirlit verið falið gisti- og veitingastaðaeftirliti ríkisins skv. lögum nr. 53/1963.

Hér fara á eftir athugasemdir þær og skýringar við einstakar greinar, er fylgdu frumvarpi því um þetta efni, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, óbreyttar að öðru en því, sem leiðir af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á frv. og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan:

Fyrsti kafli frumvarps þessa, sem hér liggur fyrir, er efnislega svipaður norskum lögum um þetta efni frá 1950 með breytingu frá 1956.

Rekstur ferðaskrifstofa er að því leyti frábrugðinn flestri annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir þar oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á það þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlaðt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótélum og greiðasölustöðum, liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstursfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til þess að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum.

Í flestum löndum Evrópu hefur því verið talið nauðsynlegt að setja lög til þess að vinna gegn þessu og vernda hagsmuni ferðamanna. Slík lög voru sett í Austurríki þegar árið 1935, í Grikklandi, Þýskalandi og Ítalíu árið 1937, í Frakklandi og á Spáni 1942 og í Noregi 1948.

Í samskiptum landa gegna ferðaskrifstofur nú orðið miklu og vaxandi hlutverki. Fyrir því ber brýna nauðsyn til, að rekstur þeirra fyrirtækja, sem fást við að veita ferðamönnum þjónustu, sé með sem allra heilbrigðustum og skipulegustum hætti. Árið 1952 var innan OEEC skipuð nefnd til þess að semja fyrirmynd að lögum um ferðaskrifstofur og stuðla á þann hátt að því að löggjöf hinna ýmsu landa um þetta efni væri samræmd svo sem verða mætti.

Fyrsti kafli frumvarpsins fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Efni hans er fyrst og fremst skilgreint í hugtakinu „ferðaskrifstofa“, um heimild til þess að reka ferðaskrifstofu og skilyrði þess að sú heimild sé veitt. Er kafli þessi algert nýmæli, þar á meðal það ákvæði, að setja þurfi tryggingu fyrir leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Þetta ákvæði er sameiginlegt öllum þeim fyrirmyndum að lögum um ferðamál í öðrum löndum, sem nefndin hefur haft til hliðsjónar.

Annar kafli frv. fjallar um ferðamálaráð, hlutverk þess og hvernig það skuli skipað, en fjórði kafli fjallar um ferðamálasjóð, hlutverk hans og stjórn.

Um efni þessara kafla hafa áður verið flutt frumvörp á Alþingi, þ. e. frv. til

laga um ferðamál og landkynningu, sem flutt voru af alþingismönnum Gunnari Thoroddsen, Magnúsi Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Jóhanni Hafstein á árunum 1954—1955, en náðu eigi fram að ganga. Samkvæmt þeim frumvörpum skyldi ferðamálaráð taka við stjórn og rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að hún starfi áfram á sama hátt og nú.

Í fjórða kafla frv. er að finna ákvæði um ferðamálasjóð. Hér er einnig um nýmæli að ræða, en hugmyndina er hins vegar að finna í frv. frá 1954—1955, sem áður getur, þótt hlutverk sjóðsins sé verulega breytt frá því, sem þar var ráð fyrir gert. Samkvæmt meðfylgjandi frv. skal ferðamálasjóður hafa það eitt hlutverk að veita stofnlán gegn ákveðnum skilyrðum til byggingar gisti- og veitingahúsa í landinu. Til hans skal árlega veita eigi lægri upphæð en eina milljón króna á fjárlögum, en heimilt er honum að taka lán með ríkisábyrgð, að fengnu samþykki ráðherra, til þess að endurlána vegna stofnkostnaðar gisti- og veitingahúsa. Í fjárlögum þessa árs, 13. gr. F, XI, er veitt ein milljón króna í þessu skyni.

Í þriðja kafla frv. er skilgreint, hvert vera skuli hlutverk Ferðaskrifstofu ríkisins. Um hana hafa gilt lög nr. 33, 1. febrúar 1936, en þeim var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 20, 12. marz 1947. Samkvæmt lögum frá 1936 hafði Ferðaskrifstofan ein rétt til þess að hafa með höndum móttöku erlendra ferðamanna, en heimilt var þó ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður höfðu starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi.

Meginrökin fyrir einkarétti til handa Ferðaskrifstofunni voru þau, að ella væri hætta á óeðlilegri samkeppni um viðskipti við erlenda ferðamenn, sem meðal annars gæti komið fram í því, að þeim yrði veitt lakari þjónusta en efni stæðu til, að tiltölulega fáir menn hefðu reynslu af þeim störfum, sem unnin eru á almennum ferðaskrifstofum, og að ferðamannastraumur erlendra manna til landsins væri enn eigi svo mikill, að til skipta væri fyrir margar ferðaskrifstofur. Að því er varðar tvennt hið síðartalda, hefur mikil breyting orðið á síðustu árum. Upp hafa risið ferðaskrifstofur, sem skipulagt hafa fjölmargar ferðir til útlanda, og starfsmenn þeirra öðlazzt nokkra reynslu. Ferðamannastraumurinn vex hröðum skrefum og gistimöguleikar hafa aukizt verulega, bæði með byggingu nýrra hótela og með því að gerð hafa verið veruleg átök til nýtingar skólahúsnaðis. Að öllu þessu athuguðu er talið tímabært að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði afnuminn, en jafnframt gerðar strangar kröfur til hæfni forstöðumanna almennra ferðaskrifstofa og þess freistað að tryggja hagsmuni hinna fjölmörgu viðskiptamanna slíkra ferðaskrifstofa, með skyldu til setningar tryggingarfjár. Eru allir þeir aðilar, sem lagt hafa hönd á plóg um samningu frumvarps þessa, sammála því meginefni þessa frumvarps, sem hér um ræðir. Mun það og mála sannast, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eigi haldið fast á þessum einkarétti sínum hin síðari ár.

Af niðurfellingu einkaréttar Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt framansögðu leiðir það, að veruleg útfærsla verður á starfsemi annarra þeirra ferðaskrifstofa, sem hér hafa risið upp á s. l. árum.

Til nýmæla í þessum kafla frv. má einnig telja, að gert er ráð fyrir föstu framlagi á fjárlögum til landkynninga, óháðu rekstursafkomu Ferðaskrifstofunnar í heild. Þar er einnig það nýmæli upp tekið, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli vinna að hagnýtingu skólahúsnaðis í ríkisskólum til gistihalds og annast rekstur í þeim, að fengnu samþykki ráðherra. Enn fremur er það nýmæli í hlutverki ferðaskrifstofunnar, að hún vinni að því í samvinnu við ferðamálaráð, að stofnuð verði ferðamálafélög í þeim bæjum og byggðarlögum, sem ferðamenn sækja öðrum fremur, svo og stuðla að útgáfu leiðarlýsinga fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Að öðru leyti er svo ráð fyrir gert, að Ferðaskrifstofa ríkisins starfi á sama hátt og hún hefur gert samkvæmt lögum nr. 33, 1. febrúar 1936, með öllum réttindum og skyldum almennra ferðaskrifstofa öðrum en leyfi til reksturs og setningar tryggingarfjár.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

Um 1. gr.

Hér er hugtakið ferðaskrifstofa skilgreint á sama hátt og í þeirri fyrirmynd OEEC að löggjöf um ferðaskrifstofur, er áður getur, að því viðbættu, sem segir í síðustu málsgrein varðandi úrskurð í vafatilfellum. Þess má geta, að t. d. Norðmenn fylgja þessari fyrirmynd allnákvæmlega. Ætti þar með að vera allvel fyrir því séð, að einkaaðilar, sem hyggjast gera fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn að atvinnu sinni, þyrftu ekki að vera í vafa um í hverju starfsemin ætti að vera fólgin til þess að hún fengist viðurkennd sem ferðaskrifstofurekstur.

Sú þjónusta, sem um ræðir í liðum a—d, verður að vera innt af hendi í atvinnuskyni til þess að teljast veitt af ferðaskrifstofu. Orðin „að einhverju eða öllu leyti“ lúta að því, að starfsemin geti talizt vera innt af hendi af ferðaskrifstofu, þótt hún nái aðeins til hluta af því, sem talið er í greininni.

Um 2. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæði í lögnum til þess að koma í veg fyrir að notað sé í auglýsingum eða á annan hátt orðið ferðaskrifstofa, nema leyfi samgöngumálaráðuneytisins komi til, og er þetta gert til þess að almenningur geti treyst því, að þjónusta af þessu tagi, sem boðin er fram, sé innt af hendi af ábyrgum aðila.

Um 3. og 4. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er fyrst og fremst bundið við persónu. Kemur hér til að sú tegund þjónustu, sem veitt er á ferðaskrifstofum, verður eigi innt af hendi svo vel sé, nema forstöðumaður, sem væntanlega er þá leyfishafi, hafi til að bera staðgóða þekkingu á ferðamálum, enda er svo til ætlað að hann hafi með höndum daglega stjórn. Í c-lið er svo fyrir mælt, að leyfishafi verði að hafa allanga starfsreynslu. Í fyrirmynd OEEC er þó kveðið allmiklu fastar að orði, en þar er til þess ætlað, að viðkomandi hafi hlotið alhliða þjálfun og reynslu í öllum þeim störfum, sem fyrir koma í rekstri ferðaskrifstofa.

Þrátt fyrir þetta þykir þó sjálfsagt að halda opnum þeim möguleika, að veita félagi eða fyrirtæki heimild til reksturs ferðaskrifstofu (sbr. 3. málgr. 4. gr.), enda sé dagleg stjórn í höndum manns, sem uppfyllir skilyrði 4. greinar.

Um 5. gr.

Það ákvæði, sem hér um ræðir, er sett af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Hin fyrri er sú, að eðlilegt þykir að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofa fjárhagslega tryggingu, þ. e. þeim, sem greiða fyrirfram fyrir veitta þjónustu fyrir hennar milligöngu. Hin ástæða er sú, að grípa þurfi til tryggingarfjárins til þess að mæta réttmætum kröfum erlendra aðila, sem skipta við íslenskar ferðaskrifstofur. Sennilega yrði í framkvæmd algengast að sett yrði bankatrygging.

Gert er ráð fyrir því, að ráðuneytið geti vikið frá kröfu um tryggingarfé, og þá því aðeins, að um sé að ræða skráð hlutafélög með innborguðu hlutafé minnst kr. 350 000, en það er hámark þess tryggingarfjár, sem krafizt verður. Athygli skal vakin á því, að hér er aðeins um heimild til þess að ræða. Þykir ástæða til þess að benda á nauðsyn þess að beita þessari undanþáguheimild varlega, þar eð

hlutafé fyrirtækis yrði eigi ævinlega hvorki innlendum né erlendum viðskiptavinum ferðaskrifstofu sú vernd, sem tryggingarfénu er ætlað að vera, vegna þess að aðrar rétt hærrí kröfur gengju fyrir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að nánari ákvæði varðandi setningu tryggingar, ávöxtun og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir, yrðu sett með reglugerð.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til tryggingar því, að eigi sé til greiðslu krafna af tryggingarfé gripið, nema í þeim tilvikum einum að á réttmæti þeirra leiki enginn minnsti vafi, og þá því aðeins, að kröfurnar séu sprotnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er ákveðið að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli undanþegin því að setja tryggingarfé eða öðlast leyfi til ferðaskrifstofureksturs, svo og ferðafélög eða eigendur samgöngutækja, er stofna til skipulagðra hópferða. Slíkir aðilar, að undanskilinni Ferðaskrifstofu ríkisins, eru ekki ferðaskrifstofur í skilningi laganna, en Ferðaskrifstofan er ríkisfyrirtæki, og er það að sjálfsögðu nóg trygging öllum þeim, er við hana skipta. Vert er að vekja athygli á nauðsyn þess, að í reglugerð verði kveðið nánar á um, hvað teljist sala á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, þar sem ella kynnu að gefast í undanþáguákvæðum þessarar greinar möguleikar til þess fyrir eigendur samgöngutækja að stofna til meira eða minna viðtæks ferðaskrifstofureksturs og sniðganga með því almennar ferðaskrifstofur.

Um 9. gr.

Hér eru taldar ástæður þess, að leyfi falli niður. Frumskilyrði þess að leyfi sé veitt, er að umsækjandi uppfylli þau persónulegu skilyrði, að hafa forráð bússins og að hann sé búsettur í landinu (4. gr.) og að hann setji tryggingu fyrir rekstrinum (5. gr.). Það er því eðlilegt, að skilyrði þess, að leyfi viðhaldist, séu þau, að eigi verði grundvallarbreyting á högum leyfishafa að þessu leyti. Þetta þýðir, að leyfi hlýtur að falla niður, ef leyfishafi hættir að vera fjárráða eða er sviptur lögræði, flyzt af landinu eða að trygging skv. 5. gr. fellur niður eða hættir að fullnægja settum reglum.

Um 10. gr.

Almenn þekking á ferðamálum og starfsreynsla á þeim vettvangi er eitt af skilyrðunum fyrir því að leyfi sé veitt til reksturs ferðaskrifstofu. Af því leiðir að almenna reglan hlýtur að vera sú, að leyfi til rekstursins falli niður við andlát leyfishafa.

Í 10. gr. er svo ráð fyrir gert, að ekkju leyfishafa, er situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram, og er henni það heimilt í eitt ár. Vilji hún halda rekstrinum lengur áfram, þarf hún að sækja um rekstursleyfi og er þá gert að skilyrði að sá, er veita skal fyrirtækinu forstöðu, uppfylli skilyrði til leyfisveitingar, en auk þess sé að sjálfsögðu fullnægt almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs fresturinn er hugsaður til þess að veita ekkjunni eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða sem afleiðinga af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa frest til þessa lengri en eitt ár.

II. KAFLI Um ferðamálaráð.

Um 11. gr.

Í sumum ferðamannalöndum eru ferðamál í höndum sérstakra ráðuneyta. Má nefna Ítalíu og Spán til dæmis þar um. Sýnir það ljósar en flest annað, hvílíka þýðingu þessi lönd telja ferðamál hafa fyrir þjóðarbúskapinn. Í öðrum löndum Evrópu mun skipunin hins vegar vera sú, að ráð eða stofnun, hálfopinber eða í sambandi við þá aðila, sem hafa mestan áhuga og hagsmuni í þessum málum, hafi með höndum yfirstjórn þeirra.

Í frv. er lagt til að þessi leið verði farin hér á landi. Er lagt til að bæði flugfélögin, Eimskipafélag Íslands, Félag sérleyfishafa, Ferðaskrifstofa ríkisins, Ferðafélags Íslands, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda og samtök íslenskra ferðaskrifstofa, sem opin séu öllum viðurkenndum ferðaskrifstofum og hlotið hafa staðfestingu ráðherra, tilnefni fulltrúa og varamenn þeirra til ólaunaðra starfa í stofnun, er nefnist ferðamálaráð. Mun vart vera um aðra að ræða, sem sambærilega hagsmuni hafa af ferðamálum í landinu. Er þess að vænta, að þannig skipuð stofnun hafi öll skilyrði til þess að geta gegnt því hlutverki, sem ferðamálaráði er ætlað skv. 12. gr., og að þar verði lifandi og vakandi áhugi fyrir starfinu.

Um 12. gr.

Aðalhlutverk ferðamálaráðs er að vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt, sem lýtur að ferðamálum. Skal ráðið í þessu skyni bera fram tillögur til umbóta og framkvæmda, eftir því sem tilefni gefst og aðstæður krefjast hverju sinni. Hér er m. a. haft í huga, að því er lýtur að framkvæmdum og umbótum, að ferðamálaráð sé ráðgefandi um samgöngumál, hvort heldur er á landi, sjó eða í lofti, að því leyti sem þau snerta ferðalög til eða frá landinu og innan þess. Er hér t. d. haft í huga, að ferðamálaráð geri tillögur um lagningu vega til þeirra staða, sem mjög eru sóttir af ferðamönnum, um leiðarvísu og þess háttar á slíkum vegum með sérstöku tilliti til útlendinga, um útgáfu vegakorts og leiðarlýsinga o. s. frv.

Annað aðalhlutverk ferðamálaráðs er að gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu. Þar í felst eigi einungis að leggja á ráð um nýbyggingar gistihúsa, heldur og að gera tillögur um hvar helzt sé nauðsynlegt að auka húsakost eða bæta, hver tegund gistihúsa skuli vera á hverjum stað og með hvaða hætti þeim skuli komið upp.

Mjög hefur þótt á það skorta, að gistihúsakostur á Íslandi væri fullnægjandi. Er talið, að það hafi öðru fremur dregið úr ferðamannastraumi til landsins. Í öðru lagi veldur hið bágborna ástand í gistihúsamálum því, að ekki er sæmandi að hvetja útlendinga til þess að koma hingað, þar sem vitað er hversu erfitt er að veita þeim þjónustu í þessu efni. Má segja að orðið sé mjög tímabært að sinna gistihúsamálum af fullri alvöru. Ísland er þegar orðið allvel þekkt sem ferðamannaland og ferðamannastraumur til landsins mun fara vaxandi á næstu árum. Er hér mikið verkefni fyrir höndum og full nauðsyn á því, að virkja kunnáttu og reynslu þeirra aðila, sem ætlazt er til að eigi sæti í ferðamálaráði, til þess að leita, — í samráði við einstaklinga og það opinbera, — varanlegrar lausnar á þessu mikilvæga málefni.

Til þess er og ætlazt, að ferðamálaráð hafi heimild til þess að veita viðurkenningu gisti- og veitingahúsum og öðrum þeim aðilum, sem annast móttöku og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn svo að til fyrirmyndar sé. Er þessu ætlað að örva til heilbrigðrar samkeppni milli gisti- og veitingastaða um að veita erlendum og innlendum ferðamönnum sem bezta þjónustu, en það myndi aftur koma fram í aukinni aðsókn og þar með vaxandi ferðamannastraumi.

III. KAFLI

Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Um 13. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins fékk með lögum nr. 33, 1. febrúar 1936, rétt til þess að hafa með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, og hafði hún ein rétt til þess að annast slíka fyrirgreiðslu, þegar um var að ræða erlenda menn, nema í vissum undantekningartilfellum, sem um var rætt í inngangi. Samkvæmt þessari grein er staða Ferðaskrifstofunnar óbreytt frá því, sem áður var, að öðru leyti en því, að einkaréttur til þess að hafa fyrirgreiðslu fyrir erlenda ferðamenn fellur niður. Það er nýmæli í þessari grein, að árlega skuli veitt fé til hennar í fjárlögum, er sérstaklega skuli varið til landkynningar.

Í fjárlögum undanfarin ár hefur verið veitt fé til landkynningar og hefur Ferðaskrifstofa ríkisins annast framkvæmdir.

Hér er lagt til, að árlega skuli veitt fast framlag, eigi lægra en hálf milljón króna, til greiðslu kostnaðar við landkynningu á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, og skuli það framlag óháð rekstursafkomu skrifstofunnar að öðru leyti. Forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, sem sæti átti í nefnd þeirri, er samdi frumvarp þetta, telur upphæð þessa of lága og lagði til, að árlegt framlag yrði ein milljón. Meiri hluti nefndarinnar taldi upphæð þá, sem er í frumvarpinu, viðunandi, og benti jafnframt á, að þar væri um lágmarksupphæð að ræða, sem búast mætti við, að yrði hækkuð, ef brýn nauðsyn krefði.

Um 14. gr.

Hér er svo kveðið á, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli annast landkynningu með því fé, sem veitt er til þeirrar starfsemi skv. 13. gr. Í greininni kemur fram við hvað er átt með landkynningu, en hér undir heyrir fyrst og fremst að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt að erlendir menn fái sem gleggsta hugmynd um hagi og háttu lands og þjóðar í menningar- og atvinnulegum efnum. Þá hefur utanríkisráðuneytið einnig fasta fjárveitingu til landkynningar og er eðlilegt að þessir aðilar hafi samvinnu um, hvernig féð getur komið að sem bestum notum.

Um 15. gr.

Hér er Ferðaskrifstofu ríkisins lagt á herðar að veita ferðamönnum ókeypis upplýsingar um landið, sem þeim mega að haldi koma á ferðalögum þeirra, en jafnframt að hún útvegi þeim, sem óska eftir viðskiptum við hana sem almenna ferðaskrifstofu, hverja þá fyrirgreiðslu, sem slíkum stofnunum ber og þá að sjálf-sögðu gegn gjaldi.

Um 16. gr.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli skipuleggja ódýrar orlofsferðir og orlofsdvalir, eða veita óbæina aðstoð með því að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækja fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé, og leita samvinnu í þessu skyni við stéttarfélög launþega, til þess að stuðla að sem virkasti framkvæmd orlofslöggjafarinnar. Jafnframt nái þetta til hópferða, sem stofnað er til af bændum landsins eða samtökum þeirra.

Um 17. gr.

Rétt þykir að ákveða, að Ferðaskrifstofa ríkisins sé ráðgefandi og leiðbeinandi um hvað betur megi fara í aðbúnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða, og

gera viðvart um, ef sérstök ástæða þykir til. Vegna reksturs Ferðaskrifstofu ríkisins sem almenn ferðaskrifstofa er hægt að halda uppi slíku eftirliti af hennar hálfu með litlum sem engum tilkostnaði, en það mundi létta á sarfi þeirra, sem annars eiga að halda uppi þess konar eftirliti lögum samkvæmt.

Um 18. gr.

Skylda og réttur Ferðaskrifstofu ríkisins til eftirlits nái skv. þessari grein til aðbúnaðar og hreinlætis farartækja, sem ætluð eru til flutnings á erlendum ferðamönnum um landið.

Um 19. gr.

Til þess að auðvelda Ferðaskrifstofu ríkisins eftirlitsstarf hennar skv. 17. og 18. gr., er eigendum gisti- og veitingahúsa, svo og eigendum samgöngutækja, skylt að láta henni í té gjaldskrá yfir selda þjónustu slíkra fyrirtækja.

Síðara ákvæði þessarar greinar er sett til þess að fyrirbyggja að akstri sé óréttlátlega skipt.

Um 20. gr.

Hér er Ferðaskrifstofu ríkisins gert að skyldu að skipuleggja námskeið fyrir túlka og leiðsögumenn og veita þeim starfsréttindi að afloknu tilskildu prófi, en gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um námstilhögun og prófkröfur. Þetta hefur Ferðaskrifstofan þegar fengið nokkuð við og með allgóðum árangri, en hitt er nýmæli að hliðstæð námskeið verði haldin fyrir framreiðslufólk á veitingastöðum og aðra þá, er veita ferðamönnum þjónustu á slíkum stöðum aðeins á ákveðnum árstímum. Þykir eðlilegt að fela einhverjum aðila að hafa forystu í þessu efni, svo stórmikla þýðingu sem það hefur að kunna vel til verka á þessum sviðum þegar erlendir ferðamenn eiga í hlut, en það getur, sem kunnugt er, ráðið úrslitum um það, hvort dvöl viðskiptamanna ferðaskrifstofa hér verður þeim til ánægju eða hið gagnstæða.

Um 21. gr.

Á síðari árum, og þá einkum á s. l. ári, hefur allmyndarlegt átak verið gert til þess að bæta aðstöðu ýmissa ríkisskóla til gistihalds. Hefur Ferðaskrifstofan verið aðili að þeim framkvæmdum, og er svo til ætlað, að svo verði framvegis, enda verði að sjálfsögðu engum endanlegum ráðum ráðið varðandi skólana í þessu efni án heimildar menntamálaráðherra. Er talið að góð samvinna milli stjórnvalda annars vegar og ráðamanna skóla í héraði hins vegar í þessu efni myndi verða hinn mesti ávinningur fyrir ferðamál í landinu almennt.

Um 22.—25. gr.

Hér eru talin upp nokkur fleiri verkefni Ferðaskrifstofu ríkisins og er eigi talið að efni greinanna þarfnist sérstakra skýringa. Þó skal á það minnzt, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur látið semja og gefið út á sinn kostnað allgóðar leiðarlýsingar. Þessu þarf að halda áfram. Góðar leiðarlýsingar eru ferðamönnum mikill fengur og leiðsögumönnum verðmætar og til mikils léttis í starfi þeirra.

IV. KAFLI

Um ferðamálasjóð.

Um 26. gr.

Hér er lýst hlutverki ferðamálasjóðs, sem er fyrst og fremst það, að veita fjárhagslega aðstoð við byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu.

Tvímælalaust er, að skortur gistihúsa er það vandamál, sem helzt stendur í vegi fyrir því að hægt sé að taka svo á móti ferðamönnum hér á landi sem skyldi. Mun það eigi orka tvímælis að á hinu opinbera hvílir nokkur skylda í því efni, að stuðla fyrir sitt leyti að því að úr verði bætt, og fjallar efni þessa kafla frv. um stofnun sjóðs, er myndaður sé af framlagi þess opinbera og með framan- greindu hlutverki.

Um 27. gr.

Hér er rætt um fjáröflun ferðamálasjóðs. Er gert ráð fyrir framlagi á fjárlögum eigi lægra en einni milljón króna árlega, en heimild til lántöku með ríkis- ábyrgð allt að 20 milljónum króna. Samkvæmt greininni skal það vera hlutverk ferðamálaráðs, að beita sér fyrir því, að einkaaðilar, sem hagsmuni hafa að auknum ferðamannastraumi, greiði frjáls framlög til sjóðsins.

Um 28. og 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Það er skýrt fram tekið, að eigi megi veita fé úr ferðamálasjóði, nema um sé að ræða stofnkostnað, hvort heldur sem er til nýbygginga eða aukninga og endurbóta á eldri byggingum, sem rekin eru sem gisti- eða veitingahús.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Telja verður nauðsynlegt að lánbeiðnum fylgi allitarlegar upplýsingar um það, hvernig verja eigi umbeðnum lánnum úr ferðamálasjóði, bæði að því er varðar áætlaðan stofnkostnað og um rekstursafkomu, þegar um eldri fyrirtæki er að ræða. Stjórn sjóðsins verður að hafa sem allra bezta aðstöðu til þess að meta, hvernig því fé verði bezt varið, sem hún hefur yfir að ráða, og hafa rúma heimild til þess að krefjast upplýsinga, bæði að því er varðar nytsemi fyrirhugaðra framkvæmda og greiðslugetu lánaumsækjenda.

Um 33. gr.

Hámarksákvæði það, sem í þessari grein felst, er ætlað til tryggingar því að fjármagni ferðamálasjóðs verði ekki varið til örfárra staða, enda er talið, með tilliti til þess hversu almenn þörfin er, að farsælla sé að dreifa fjármagninu og muni það á þann hátt koma að betri notum.

Um 34.—35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 36. gr.

Hér er það nýmæli, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum ferðamála- ráðs þar um, að ákveða að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamanna- stöðum, sem eru eign ríkisins og er þá til þess ætlazt að fé því, sem þannig safnast, verði varið til þess að fegra og snyrta viðkomandi stað, og til þess að bæta þar aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna. Eftir atvikum mundi það hins vegar fara, hvernig umrætt gjald yrði innheimt. Kemur þar aðallega tvennt til, að það yrði innheimt í fargjaldi eða sérstaklega á staðnum sjálfum. Enda þótt

Þessu hafi ekki verið beitt fyrr hér á landi, er þetta þó algengt í öðrum ferðamanna- löndum, og þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn einnig hér, enda verður að teljast eðlilegt að fjár til uppbyggingar staðarins verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé.

Um 37. gr.

Hér er starfandi ferðaskrifstofum gert að skyldu að sækja um leyfi til reksturs- ins innan eins árs frá gildistöku laga þessara. Er þetta að sjálfsögðu nauðsynlegt ákvæði, og eðlilegt að láta skilyrði laganna fyrir veitingu rekstursleyfa einnig ná til þeirra almennu ferðaskrifstofa, sem þegar eru starfandi, þar sem þær geta allar fengið aukin starfsréttindi frá því, sem nú er.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða heimild fyrir ráðherra til þess að víkja frá ákvæðum um skilyrði fyrir rekstursleyfum til handa ferðaskrifstofum, sem starfandi verða við gildistöku. en þó er óheimilt að víkja frá ákvæðum varðandi setningu trygg- ingarfjár.

Um 39. og 40. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 25. september 1963.

Vegna bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er álits á frumvarpi því um ferðamál, sem lagt var fyrir Alþingi á síðastliðnum vetri, hafa undirritaðir haldið fundi að undanfögnu og samþykkt eftirgreint einróma í dag:

1. Við teljum miklu skipta, að starfssvið Ferðaskrifstofu ríkisins verði takmarkað við að annast almenna landkynningu og annað það, er ferðamálaráð kann að telja heppilegt að fela henni.
2. Við teljum tillögur frumvarpsins um ferðamálaráð til mikilla bóta að því til- skildu að ráðið fái nokkur fjárráð og aukin völd frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins falli undir valdsvið þess.
3. Við teljum hugmyndirnar um ferðamálasjóð hinar athyglisverðustu og brýna nauðsyn að þær verði að veruleika með samþykkt frumvarpsins.
4. Við erum reiðubúnir til samstarfs um þær breytingar og lagfæringar á frum- varpinu, sem leiða af ofangreindum þrem megin sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,

f. h. Eimskipafélags Íslands h.f.
S. Þorkelsson.

f. h. Loftleiðir h.f.
Sig. Magnússon.

f. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda
Ludvig Hjálmtýsson.

f. h. Félags íslenzkra ferðaskrifstofa
Geir H. Zoëga.

f. h. Flugfélags Íslands h.f.
Birgir Þórhallsson.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENZKRA FERÐASKRIFSTOFA

27. september 1963.

Með tilvísun til bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 13. þ. m., þar sem óskað er umsagnar varðandi frumvarp það um ferðamál, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, og til viðbótar því, sem greint er frá í bréfi til ráðuneytisins, dags. 25. þ. m., undirrituðu af okkur ásamt báðum flugfélögunum, Eimskipafélagi Íslands og Sambandi veitinga- og gistihúsaeygenda, leyfum við okkur hér með að gera frekari grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls:

1. Eins og fram kemur í sameiginlegu svári, dags. 25. þ. m., þá leggja allir aðilar ríka áherzlu á, að starfssvið Ferðaskrifstofu ríkisins takmarkist eingöngu við almenna landkynningu, enda þekktist hvergi á Norðurlöndum eða annars staðar í Vestur-Evrópu, að hið opinbera reki almenna ferðaskrifstofu.
2. Sú breyting, sem lagt er til, að gerð verði á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins í sameiginlegu bréfi, dags. 25. þ. m., mundi leiða af sér nokkurn sparnað, þar sem starfsfólki mætti fækka.
3. Tekjuliðir Ferðaskrifstofu ríkisins í breyttu rekstursfyrirkomulagi, eins og að ofan greinir, mundu verða þessir: a) Minjagripasala; b) Sala á prentuðum bæklingum, myndum o. s. frv. í landkynningarskyni til ferðaskrifstofa, flugfélaga, skipafélaga og gistihúsa. Þá eru samtök okkar reiðubúin að benda á fleiri heppilegar leiðir til tekjuöflunar, sem standa mundu að öllu leyti undir rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins.
4. Við teljum, að sú breyting, sem óskað er eftir að gerð verði á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins, mundi skapa eðlilega og friðsamlega samvinnu um ferðamál almennt, sem verða mundi landi og þjóð til meira gagns og sóma.
5. Við mælumst eindregið til þess, að samtök okkar verði höfð með í ráðum um þær væntanlegu breytingar, sem gerðar kunna að verða á frumvarpinu, áður en það verður lagt fyrir næsta Alþingi.

Með mikilli virðingu,

Geir H. Zoëga,
formaður.

Njáll Simonarson,
ritari.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24.9 1963.

Varðandi frumvarp til laga um ferðamál.

Með tilvísun til bréfs hins virðulega samgöngumálaráðuneytis frá 13. þ. m., varðandi frumvarp til laga um ferðamál, leyfir Flugfélag Íslands sér hér með, samkvæmt tilmælum yðar, að fara um frumvarpið nokkrum orðum.

Fyrst er þess að geta, að við teljum frumvarpið fela í sér margar heillavænlegar nýjungar og þess vegna er það von okkar, að það verði samþykkt sem lög frá næsta reglulegu Alþingi, þrátt fyrir það, að við teljum frumvarpið ekki gera ráð fyrir beztu lausnum í öllum atriðum þeirra málefna, sem það tekur til. Skal nú vikið nánar að fáeinum efnisatriðum frumvarpsins.

1. kafli. Almennar ferðaskrifstofur.

Í 5. grein frumvarpsins er talað um að ferðaskrifstofa skuli leggja fram 200 000.00 kr. tryggingarfé áður en hægt sé að samþykkja umsókn hennar um

ferðaskrifstofurekstur. Okkur þykir tryggingarupphæðin vera til mikilla muna of lág og mundum við telja eðlilegt, að hún væri 500 000.00 kr. en undir öllum kringumstæðum ekki lægri en 350 000.00 kr. Auk þess sem tryggingarupphæðin er að okkar dómi of lág, þarf að tryggja raunhæft gildi hennar með því að binda hana við núverandi gengi, t. d. Bandaríkjadollara, enda eru flugför og allar þjónustur erlendis háðar genginu, hvað krónutölu snertir.

Í 8. grein frumvarpsins er talað um að ákvæði fyrsta kafla laganna nái ekki til „viðurkenndra ferðafélaga eða eiganda samgöngufyrirtækja, að því er tekur til sölu á farseðlum í eigin ferðir eða með eigin samgöngutækjum, né heldur til hópferða, sem slíkir aðilar þannig skipuleggja enda þótt næturgisting fylgi“. Það er greinilegt af athugasemdum við frumvarpið, að semjendum þess er það ljóst, að hér þurfa að koma skýrari og nákvæmari ákvæði. Væri grein þessi tekin bókstaflega, felast í henni mjög víðtækar undantekningar, enda verður vafalaust örðugt, ef ekki gersamlega óframkvæmanlegt, að skilgreina hugtak eins og „viðurkennd ferðafélög“.

Við mundum telja farsælast að frumvarpið yrði sjálft gert glegggra, hvað þetta atriði snertir og vörpum fram til umhugsunar þeirri hugmynd, hvort undanþágunar, sem grein þessi felur í sér, ættu e. t. v. eingöngu að miðast við þá aðila, sem reka alþjóðlegar samgöngur og/eða samgöngur hérlendis, sem sérleyfi eru veitt fyrir (eða aðrar samgöngur með sérstöku leyfi, öræfaferðir o. s. frv.). Lögin virðast ekki þurfa að ná til eigin ferðahópa innan tiltekinna félaga. Er hér átt við það, að ekki sýnist vera nauðsynlegt að krefjast þess af, t. d. Karlakór Reykjavíkur, eða öðrum hliðstæðum aðilum, að þeir fylgi ákvæðum ferðamálaganna þó að skipulagðar væru ferðir á vegum kórsins og eingöngu fyrir kórfélaga. Væri hins vegar um það að ræða, að kórin skipulegði ferðir í ábataskyni, þyrfti að setja hömlur við slíku. Ef þær væruð sjónarmiðum þessum sammála, teljum við vafalaust, að hægt sé að ganga þannig frá 8. gr. frumvarpsins, að allir megi við una, enda þótt við teljum vafasamt að hægt verði að girða fyrir alla misnotkunarmöguleika, sem óhákvæmilega verða að felast í þessari grein í lýðræðisríki.

2. kafli. Ferðamálaráð.

Auk þeirra verkefna, sem ferðamálaráði eru falin skv. frumvarpinu, teljum við að ferðamálaráð sé heppilegur aðili til þess að vinna að því, í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti, að hér á landi sé sem fyrst létt af hömlum, sem hafa dagað uppi hér í sambandi við ferðalög, löngu eftir að þeim hefur verið létt af annars staðar. Nægir í því sambandi að minna á atriði eins og skattakvittanir þær, sem krafist er af farþegum er ferðast vilja til útlanda.

Sömuleiðis getur verið álitamál, hvort ferðamálaráð er ekki heppilegasti aðilinn til þess að hafa tengsl af Íslands hálfu við þær stofnanir sameinuðu þjóðanna, sem vinna að ferðamannamálum. Enn fremur virðist ferðamálaráð vera heppilegur aðili til þess að gangast fyrir söfnun víðtækra upplýsinga um ferðamannastrauminn, svo og mati á þeim („market research“ og „market analyses“). Slíka starfsemi ber að stunda til þess að fjárnotkun, bæði við auglýsingastarfsemi og til bættar þjónustu við hina erlendu gesti okkar, geti ætíð borið sem beztan árangur. Það er augljóst, að því meira sem vitað er um þarfir markaðsins og eðli hans, því hægara á að verða um vik fyrir alla þá, sem að málum þessum vinna, að hagnýta getu sína sem allra bezt. Störf þeirrar tegundar, sem hér um ræðir, kosta peninga og m. a. þess vegna verður að ætla ferðamálaráði fé til þess að standast straum af kostnaði við ofangreindar athuganir og rannsóknarstarfsemi.

Það er að líkindum orðið tímabært, að opinberum aðilum sé gert mögulegt með lögum að hafa einhvers konar eftirlit með stangarveiði, einkum laxveiði, hér á landi, sérstaklega er hér átt við sölu á stangarveiðiréttindum til útlendinga. Séu ekki um þessi mál ákvæði í öðrum lögum og/eða reglugerðum, væri jafnvel athugandi, hvort ferðamálaráð væri ekki rétti aðilinn til þessa eftirlits af opinberri hálfu.

Flugfélagið telur eðlilegast, að ráðuneytisstjóri þess ráðuneytis, sem á hverjum tíma fer með málefni þessi, sé formaður ferðamálaráðs.

3. kafli. Um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Eins og fram kemur í bréfi Flugfélagsins, dags. 8.4. s. l., til samöngumálanefndar efri deildar Alþingis, telur Flugfélagið eðlilegast að starfsemi Ferðaskrifstofunnar heyri undir ferðamálaráð.

Hitt skal tekið fram, að Flugfélagið telur það ekki frágangssök þó að Ferðaskrifstofa ríkisins verði rekin áfram með svipuðu sniði og verið hefur, miðað við það, að ekki sé vilji fyrir því á Alþingi að breyta starfsgrundvelli hennar og beina kröftum stofnunarinnar sem mest að landkynningarmálefnum. Okkur er ljóst, að frumvarpið gerir allar götur ráð fyrir tengslum og einhvers konar samvinnu á milli ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofunnar. Umfram allt teljum við, að ekki megi hefja framgang frumvarpsins á þingi þó að ekki sé alger samstaða um starfsgrundvöll Ferðaskrifstofunnar.

4. kafli. Um ferðamálasjóð.

Flugfélag Íslands fagnar tilkomu ferðamálasjóðs og hefur félagið ekki nema allt hið bezta um hann að segja. Hugsagt getur, að 32. grein frumvarpsins mætti verða ögn rækilegri. Þykir okkur t. d. eðlilegt, að teikningar og önnur lýsing á því, sem framkvæma á fyrir lánsfé fylgi með lánsúmsóknum, enda verður að telja það veigamikið atriði í sambandi við lánveitingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að öruggar smekkvísi sé gætt varðandi útlit húsa o. s. frv. — auk veðtryggingarhliðar þessa máls.

Ýmislegt.

Auk þess, sem að framan greinir, er rétt að taka það fram, að við teljum nauðsynlegt, að ferðamálaráð hafi einhver fjárráð umfram það, sem um er getið í sambandi við hugsanlegar markaðsrannsóknir á vegum ráðsins. Á því stigi, sem mál þessi eru nú, sýnist okkur, að fyrst og fremst sé um að ræða smávægilegar fjárveitingu. Verði talið fært að breyta starfsgrundvelli ferðamálaráðs þannig, að það fengi viðtækara verksvið, þyrfti augljóslega jafnframt að tryggja ráðinu auknar tekjur til þess að standast straum af umfangsmeiri starfsemi.

Að endingu viljum við koma því á framfæri, að við teljum mjög æskilegt, að reglugerðir, sem samdar kunna að verða á grundvelli ferðamálalaganna, njóti stuðnings og skilnings meiri hluta ferðamannaráðs, og þess vegna er það tillaga okkar, að viðkomandi ráðuneyti leiti ávallt umsagnar ferðamálaráðs áður en reglugerðir yrðu settar á grundvelli ferðamálalaganna.

Eins og nærri má geta er Flugfélag Íslands hvenær sem er reiðubúið til þess að gera hinu háa ráðuneyti nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessum málum, sé þess óskað.

Með sérstakri virðingu,

f. h. Flugfélags Íslands h.f.,

Birgir Þórhallsson.

Til Samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.